

119. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs

2. 12. 2020 kl. 8:15 – 9:45

Fjarfundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Kristín Hermannsdóttir

Ritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

Mætt: Þorvarður Árnason, Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Steinunn Hödd Harðardóttir, Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Ragnildur Jónsdóttir, Hólmsfríður Bryndís Þrúðmarsdóttir, Karl Friðriksson, Sigurður Sigursveinsson og Huguín Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Bjarni Guðmundsson

Fræðslumál á suðursvæði þjóðgarðsins. Erindi Vatnajökulspjóðgarðs

Steinunn Hödd sagði frá helstu verkefnum sem unnið er að um þessar mundir á suðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Fræðslumálin hafa verið í forgrunni og sagði Steinunn frá verkefninu „Fræðsluber“ sem vísar til þess að nóvember hefur verið nýttur sem fræðslumánuður meðal starfsmanna þjóðgarðsins. Einnig fór Steinunn yfir helstu verkefni á einstökum svæðum innan þjóðgarðsins á suðursvæði.

Verkefnið SCITOUR. Erindi frá Rannsóknasetri Háskóla Íslands

Þorvarður sagði frá verkefninu Scientific Tourism (SCITOUR) sem er tveggja ára samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Skotlands og Grænlands. Verkefnið felur í sér að vísindafólk og ferðapjónustuaðilar vinna saman að mótun fræðsluefnis sem nýtist við að miðla þekkingu um áhrif hnattrænna loftslagsbreytinga á íslenska jökla og náttúru í samstarfslöndunum. Verkefnið er styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPA).

Rekstraráætlun Nýheima þekkingarseturs 2021

Huguín Harpa fór yfir helstu liði rekstraráætlunar fyrir komandi ár. Umræður sköpuðust um einstaka liði áætlunarinnar, stjórn samþykkir rekstraráætlun ársins 2021.

Starfsáætlun Nýheima þekkingarseturs 2021

Huguín Harpa fór yfir helstu liði starfsáætlunar fyrir komandi ár. Umræður sköpuðust um drög að starfsáætlun, forstöðumanni falið að vinna að viðbótum út frá umræðum fundarins. Áætlun kemur aftur til umræðu í stjórn á nýju ári.

Samráðsfundur með MRN

Huguín Harpa sagði frá samráðsfundi, sem forstöðumaður og formaður stjórnar, áttu með fulltrúum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem haldinn var í fjarfundi þann 27. október. Stefnt er að endurnýjun samnings fyrir árslok en öllum umbeðnum gögnum hefur verið skilað til ráðuneytisins. Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að fá endurnýjun langtíma samnings.

KA
AHR

Önnur mál

Þorvarður sagði frá því að hann hefur óskað eftir því að fá lausn frá störfum í stjórn Nýheima þekkingarseturs. Háskóli Íslands mun tilnefna nýjan fulltrúa í stjórn á næstu vikum.

Eyjólfur vakti máls á því að auka enn frekar áherslu á eflingu þekkingarsamfélagsins. Umræður sköpuðust um áherslur í starfsemi Nýheima þekkingarseturs og ákveðið að halda umræðu áfram á nýju ári.

Hugrún Harpa upplýsti um tilhögun jólaleyfis hjá starfsfólki setursins.

Fundi slitið klukkan 10:05

Kristín Semundóttir

Hugrún Harpa Reynisdóttir